

Mál nr. 136/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar (X).****Gildissvið vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar vegna tjóns á rúðum fasteignar.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 10. apríl 2019.

Bréf V, dags. 3. maí 2019.

Bréf M, ódagsett.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að tjón hafi orðið á rúðum fjölbýlishússins X í kjölfar þess að M tók að sér vinnu við að mála lista í 12 íbúðum í húsinu. Lýsir M atvikum á þá leið að notuð hafi verið vél við að slípa listana og við þá vinnu hafi gler í nálægum rúðum rispast. Skemmdir á glerinu hafi ekki komið í ljós fyrr en eftir að verkið var unnið.

M telur að greiða eigi skaðabætur vegna tjónsins úr fjálsri ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur sem M er með hjá V. Telur M að tjónið falli undir gildissvið tryggingarinnar með þeim hætti að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna M og þó að vátryggingarskilmálar undanskilji tjón á munum í vörslu vátryggingartaka og tjón á munum sem vátryggingartaki tekur að sér að vinna við með einum eða öðrum hætti, þá hafi umræddar rúður ekki verið í „vörslum“ M í skilningi vátryggingarskilmálans. Þá telur M ekki hægt að líta svo á að M hafi verið að vinna við rúðurnar í umrætt sinn, heldur hafi M verið að vinna við nálæga lista.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis c-liðar 7.1. gr. vátryggingarskilmálans, þar sem kveðið er á um að vátryggingin tekur ekki til skemmda á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

Álit.

Gildissvið ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur hjá V takmarkast við tjón sem verður á mönnum eða munum vegna skyndilegra og óvæntra atburða og vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum. Gildissvið vátryggingarinnar takmarkast síðan með undanþáguákvæðum í gr. 7.1, þar sem tilgreint er að vátryggingin greiði ekki bætur vegna tiltekinna aðstæðna þar sem verða skemmdir á munum, m.a. þegar þeir eru í vörslum vátryggingartaka eða tjón verður á þeim við það þegar vátryggingartaki tekur að sér að gera við þá, setja þá upp eða vinna við þá með einum eða öðrum hætti.

Enginn ágreiningur virðist vera um að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna M. Kemur því einungis til skoðunar hvort umrætt tjón sé sérstaklega undanskilið skv. áður nefndum c-lið 7.1. gr. vátryggingarskilmálans. Í lýsingum M kemur fram að starfsmenn M hafi verið að vinna við að slípa lista í tilteknum íbúðum hússins með vélum. Við þá vinnu hafi orðið skemmdir á nálægum rúðum. Af framangreindu er ljóst að til að forða tjóni á rúðunum hefðu starfsmenn M þurft að grípa til ráðstafana, svo sem eins og að byrgja glerið með málmlötum eða fjarlægja glerið á meðan verkið var unnið. Þessum nauðsynlega hluta verksins vanrækti M með þeim afleiðingum að tjón hlaut af. Að mati nefndarinnar var það órjúfanlegur hluti verksins að byrgja rúðurnar eða verja þær með öðrum hætti. Verður því að líta svo á að M hafi tekið að sér að vinna við rúðurnar með einum eða öðrum hætti, jafnvel þó M hafi vanrækt þann hluta verksins sem fólst í að verja rúðurnar. Ákvæði c-liðar 7.1. gr. vátryggingarskilmálans tekur til þess verkþáttar að byrgja glugga rúðugler íbúðanna sem um ræðir. Greiðsluskylda er þar af leiðandi ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.